

Tillaga A 1999/UKK
Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um að vekja athygli á norrænu verðlaunaafhendingunum (A 1999/UKK)

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að eiga viðræður við viðeigandi greinar og aðila til að meta möguleika á að skapa til dæmis vettvang þar sem bókaútgefendur geta komið saman reglulega í tengslum við kynningu á bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs
- að kanna möguleika á svipuðum viðburði fyrir aðra verðlaunaflokka
- að forgangsraða því að auka styrki vegna þýðinga norrænna bókmennta og hvetja til þess að fleiri bækur sem tilnefndar eru til bókmenntaverðlaunanna séu þýddar
- að sjá til þess að forgangsraðað sé að nægilegir fjármunir séu til að kynna verðlaun Norðurlandaráðs til að auka sýnileika og aðgengileika þeirra framlaga sem tilnefnd eru og verðlaunuð fyrir almenningi

Bakgrunnur

Verðlaun Norðurlandaráðs eru vel metin og njóta virðingar. Staða þeirra er sterk innan þeirra flokka sem þau eru veitt. Form verðlaunaafhendinganna hefur breyst í gegnum árin og nú er til skoðunar hvernig þeim skuli háttað í framtíðinni. Það er gott, en einnig er mikilvægt að skoða hvernig við sem tengjumst verðlaununum getum eflt norræna samstarfið með mismunandi hætti. Hvernig er til dæmis hægt að efla menningarlífið á Norðurlöndum? Hvernig er hægt að auka sýnileika listaverka og umhverfisaðgerða?

Meðal annars fengum við skilaboð frá samtökum norskra útgefenda í tengslum við sumarfund þekkingar- og menningarnefndarinnar árið 2024. Samtökin vilja sjá einhvers konar mót á sínum vettvangi í tengslum við afhendingu bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Slíkt mót myndi til dæmis efla útgáfustarfsemi á Norðurlöndum, gefa verðlaununum meiri vigt og skapa meiri tækifæri fyrir þýðingu tilnefndra verka yfir á önnur norræn tungumál.



Engar hindranir eru fyrir því að útgáfugeirinn taki sjálfur af skarið hvað þetta varðar. Allt bendir til þess að geirinn sé reiðubúinn til að leggja sitt af mörkum til þess. En til að tengingin við verðlaunaafhendinguna sé skýr þarf að eiga viðræður við viðeigandi geira og aðila. Norræna ráðherranefndin þarf að koma að mögulegu samstarfi um þetta. Auk þess eru tækifæri til að vekja athygli á öðrum verðlaunum með sambærilegum hætti, með því að sýna tilnefndar kvikmyndir, flytja tónlist og vekja athygli á umhverfisstarfi. Nákvæmlega hvernig það er gert þyrfti að vera viðfangsefni frekari umræðna. Umræðna sem einnig þarf að halda Norðurlandaráði upplýstu um og gefa því tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Góðar þýðingar á tilnefndum bókmenntaverkum er svið sem þarf að þróa til að fleiri fullorðnir, börn og ungmenni geti notið góðra norrænna samtímabókmennta. Markmiðið þarf að vera að eins mörg verk og mögulegt er séu þýdd og að lágmarki þarf að setja markmið um að fjölga þýðingum á tilnefndum verkum. Raunhæf framtíðarsýn ætti að vera að öll þeirra verði aðgengileg á sem flestum norrænu tungumálunum til að íbúar allra norrænu landanna og tungumálasvæðanna geti lesið þau.

Loks viljum við leggja áherslu á mikilvægi þess að vinnan að verðlaunaafhendingum framtíðarinnar hafi það markmið að vekja athygli á hinum tilnefndu verkum og gera þau aðgengileg almenningi. Þannig stöndum við vörð um hróður verðlaunanna. Og með því eflum við einnig menningarlíf og umhverfisstarf á Norðurlöndum.

Sjónarmið nefndarinnar

Í desember 2023 tók forsætisnefnd Norðurlandaráðs undir með starfshópi sem mælti með því í skýrslu sinni að verðlaunaafhendingu Norðurlandaráðs yrði breytt. Samkvæmt því á verðlaunaafhendingin ekki lengur að fylgja „Óskarsverðlaunafyrirkomulaginu“ þar sem öllum tilnefndum er boðið og verðlaunahafar tilkynntir við sjálfa athöfnina.

Ákvörðunin byggist á því að verðlaunaafhending samkvæmt „Óskarsverðlaunafyrirkomulaginu“ kostar mikið fé og fyrirhöfn og að umsjón viðamikillar skemmtidagskrár er skrifstofum Norðurlandaráðsdeilda þjóðþinganna um megn.

Verðlaun Norðurlandaráðs voru afhent í fyrsta sinn með nýju fyrirkomulagi á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík 2024 en þangað var aðeins verðlaunahöfunum boðið. Voru allar tilnefningar kynntar og greint frá sigurvegurum í sérstökum sjónvarpsþætti í umsjón Ríkissjónvarpsins á Íslandi.



Í þessum skrifuðu orðum er ekki ljóst hvernig eða hvenær sigurvegarar ársins í ár verða tilkynntir. Verðlaunaafhendingin fer þó samkvæmt venju fram í tengslum við þing Norðurlandaráðs sem haldið er í Stokkhólmi 2025.

Norræna ráðherranefndin ákveður framlög til og annast alla umsýslu verðlauna Norðurlandaráðs. Norræna ráðherranefndin hefur gert samninga við utanaðkomandi aðila um að taka að sér stjórnslu verðlaunaafhendingarinnar (verðlaunaskrifstofurnar).

Norðurlandaráð hefur eingöngu séð um og greitt fyrir ferðir hinna tilnefndu vegna verðlaunaafhendingarinnar og keypt verðlaunagripina. Þjóðþing gestgjafanna hefur staðið straum af kostnaði við sjálfa athöfnina.

Skrifstofan hefur haft samband við skrifstofur menningarverðlaunanna og lykilpersónur í bókmenntaheimi Norðurlanda við undirbúning þessa nefndarálits.

Eru flestir sammála um að gagnlegt væri að skapa faglegan vettvang fyrir viðkomandi á Norðurlöndum til að koma verðlaunum Norðurlandaráðs og norrænu menningarsamstarfi á framfæri.

Aftur á móti hefur verið bent á að verðlaunaathöfn Norðurlandaráðs sé ekki heppilegasti mótsstaður fagumhverfisins eigi að vekja frekari athygli á verðlaununum ef eingöngu verðlaunahöfum er boðið þangað. Því beri að horfa til menningarviðburða sem fagaðilar hafa þegar komið sér saman um (t.d. bókamessur og bókmenntahátíðir, kvikmyndahátíðir, tónlistarhátíðir o.s.frv.) ef finna á nýjan vettvang til að auglýsa verðlaunin.

Jafnframt er vísað til þess að þingmenn Norðurlandaráðs og ráðherrar Norðurlanda séu fyrir fram mjög uppteknir á Norðurlandaráðsþingum og að dagskráin gefi þeim ekki kost á að hitta utanaðkomandi eins og útgefendur. Einnig í þessu sambandi væru viðburðir sem fagaðilar sæktu nú þegar betri kostur að dómi verðlaunaskrifstofanna og þeirra í fagumhverfinu sem talað var við vegna undirbúnings þessa nefndarálits.

Nefndin vekur athygli á að niðurskurður til verðlaunanna undanfarin ár hefur orðið til þess að verðlaunaskrifstofurnar hafi litla eða enga fjármuni til að auglýsa verðlaunin eða þá sem hlutu þau eða tilnefningar til þeirra.

Hafa orðið allmiklar breytingar frá því að skrifstofur bókmenntaverðlaunanna, svo að dæmi sé tekið, gátu sótt norrænar og alþjóðlegar bókamessur og bókmenntahátíðir til að vekja athygli á verðlaununum, verðlaunahöfunum og höfundaverkum þeirra auk norrænna samtímabókmennta. Samskiptastarfið fól einnig í sér viðhald tengslanets um



norræna blaðamenn sem fjölluðu um bókmenntir og gegnum það var hægt að tryggja reglulega umfjöllun í fjölmiðlunum.

Í skýrslunni með tillögum starfshópsins um nýtt fyrirkomulag verðlaunaafhendinganna (sem samþykkt var á desemberfundi forsætisnefndarinnar 2023) kemur enn fremur fram að kostnaðurinn við þær nam 850.000–1.840.000 danskra króna á árunum 2021–2023 (að frádregnum kostnaði vegna eigin starfsfólks). Þjóðþing gestgjafanna hafa staðið straum af kostnaði við verðlaunaafhendinguna.

Nefndin fer því ekki í grafgötur um að fjárveitingar til að vekja athygli á verðlaununum hafi meira og minna verið felldar niður en á sama tíma spari fé að rífa seglin eins og gert er með breytingunum á verðlaunahátíðinni. Nefndin beinir því þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún tryggi fjármagn og tilföng til þess að aftur verði hægt að kynna verðlaunin, hina tilnefndu, verðlaunahafa og norrænt menningarsamstarf á viðeigandi vettvangi fyrir fagumhverfið.

Nefndin hvetur einnig Norðurlandaráð að sjá til þess sem endranær að umsýsla við verðlaunin sé á fjárhagsáætlun ráðsins og leggur til að sparnaðurinn sem hlýst af niðurskurði ferðakostnaðar allra hinna tilnefndu vegna verðlaunaafhendingarinnar renni til kynningar á verðlaununum, hinum tilnefndu og verðlaunahöfunum.

Viðvíkjandi þýðingum á norrænum bókmenntum leggur nefndin til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún hvetji til fleiri þýðinga á bókum sem eru tilnefndar til verðlauna Norðurlandaráðs. Bókmenntaverðlaunaskrifstofurnar og fagfólk á sviði bókaútgáfu segir þó að þýðingar á bókmenntum eigi að spretta af löngun en ekki þvingun. Norrænar bókmenntir eigi einungis að snara á annað tungumál ef norræn og alþjóðleg forlög finna hjá sér hvöt eða þörf til þess.

Nefndin beinir því þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að setja á oddinn aukinn stuðning við þýðingar norrænna bókmennta og sjá um leið til þess að styrktækifæri séu sýnileg og að áfram verði hvatt til þess að bækur sem tilnefndar eru til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs séu þýddar.

Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2025

Kristján Þórður Snæbjarnarson (Sf)
Kirsti Leirtrø (A)
Lars Mejern Larsson (S)
Nina Fellman (S)
Per Husted (S)

Guðbrandur Einarsson (Vr)
Kathrine Kleveland (Sp)
Veronika Honkasalo (vänst)
Freddy André Øvstegård (SV)
Miko Bergbom (saf)



Marko Kilpi (saml)
Noora Fagerström (saml)
Catarina Deremar (C)

Victoria Tiblom (SD)
Helge André Njåstad (FrP)